

Eintak án trúnaðar.

Ákvörðun nr. 9/2021
Fimmtudagur, 25. mars 2021

Kaup Lyfju hf. á Opnu ehf. (Apótek MOS)

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi, dags. 12. nóvember 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Lyfju hf. (hér eftir Lyfja) á Opnu ehf. (hér eftir Opna). Lyfja rekur lyfjabúðir víðsvegar um landið en Opna rekur Apótek MOS í Mosfellsbæ. Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum.¹
2. Með bréfi dags, 26. nóvember 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar að líða 13. nóvember 2020.
3. Samkeppniseftirlitið veitti 25 hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögn vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni.² 23 hagsmunaaðilar gerðu ekki sérstakar athugasemdir við samrunann eða skiluðu ekki umsögn. Tvær efnislegar umsagnir bárust um samrunann. Verður hér eftir vísað til framangreindra tveggja umsagna sem bárust eftir því sem við á.
4. Með bréfi, dags. 16. desember 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.
5. Undir rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga vegna mats á samrunanum, þ.á m. upplýsinga frá Lyfjastofnun um markaðshlutdeild apóteka á höfuðborgarsvæðinu og frá Sjúkratryggingum Íslands um veltu vegna lyfsölu í öllum apótekum á Íslandi fyrir árin 2018, 2019 og 2020.
6. Við rannsókn málsins var litið til umsagna og gagna sem aflað var, auk þess sem stuðst var við fyrri framkvæmd samkeppnisyrivalda á markaði fyrir smásölu lyfja.
7. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af

¹ Núgildandi reglur eru nr. 1390/2020.

² Umsagnarbeiðni var send til eftirfarandi aðila: Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Artica, Austurbæjar Apótek, Borgarapótek, CU2, Costco, Danól, Distica, Festi, Haga, Icepharma, Mamma veit best, Parlogis, Samkaup, Efstaleitis apótek, Lyfjabúrið, Lyfsalann, Lyfjaval, Farmasía, ÍslandsApótek, Lyfjaver, Urðarapótek, Lyfjastofnun og Lyf og heilsu.



eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Lyfju á Opnu felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

8. Í samrunaskrá segir að Lyfja sé fyrirtæki sem sérhæfi sig í smásölu lyfja, heilsuvara og skyldra vara. Tilgangur Lyfju samkvæmt samþykktum sé lyfsala og svo sala annarra almennra neyslu- og neytendavöru. Fyrirtækið reki í dag fjölmargar verslanir og afgreiðslustaði undir merkjum Lyfju, Apóteksins, Heilsuhússins auk Lyfjalausna.
9. Lyfja reki samtals sextán lyfjaverslanir með lyfsöluleyfi undir merkjum Lyfju og fjórar lyfjaverslanir með lyfsöluleyfi undir merkjum Apóteksins, þar af eitt staðsett inn í verslunum Hagkaupa. Lyfja rekur einnig eitt apótek undir merkjum Árbæjarapóteks. Lyfjaútibú eru rekin undir vörumerkinu Lyfja. Lyfja reki jafnframt jafnframt tvö útibú með lyfjafræðingi (útibú 1), ellefu útibú án lyfjafræðings (útibú 2) og tíu svokölluð „pokaútibú“ (útibú 3), en með „pokaútibúum“ er átt við lyfjaútibú þar sem fram getur farið afhending lyfja sem afgreidd hafa verið frá lyfjabúð. Félagið reki einnig vélskömmtun undir merkjum Lyfjalausna.
10. Lyfja reki jafnframt þrjár sérvöruverslanir með heilsuvörum undir merkjum Heilsuhússins auk þess að reka tvær netverslanir, aðra undir merkjum Lyfju og hina undir merkjum Heilsuhússins. Loks eigi Lyfja dótturfélagið Heilsu ehf. (hér eftir Heilsa) sem starfi við innflutning, heilðsölu og þökkun lífrænna matvæla og heilsuvara.
11. Í samrunaskrá segir að starfsemi Opnu felist samkvæmt samþykktum í rekstri apóteks, innflutningi og útflutningi, rekstri fasteigna, lánastarfsemi, verðbréfavíðskiptum og öðrum skyldum rekstri. Félagið rekur eitt apótek, Apótek MOS, sem staðsett er í Háholti 13-15, 270 Mosfellsbæ.
12. Mun allur rekstur Apóteks MOS færast undir yfirráð Lyfju verði af umræddum samruna.
13. Markmið Lyfju með samrunanum sé fyrst og fremst að [].³

2. Markaðir málsins

14. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- og eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.

2.1. Vöru- og þjónustumarkaður

15. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar starfi báðir við smásölu lyfja og tengdum mörkuðum, s.s. fyrir smásölu hreinlætis- og snyrtivara, smásölu heilsuvara og smásölu heilbrigðis- og hjúkrunarvara, á Íslandi. Að því leyttinu til feli samruninn í sér láréttan samruna.
16. Þá starfi dótturfélag Lyfju, Heilsa, á markaði fyrir innflutning og heilðsölu á heilsuvörum til fyrirtækja, s.s. dagvöruverslana, apóteka og sérverslana, sbr. einnig ákvörðun

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, á meðan Apótek MOS selji slíkar vörur að takmörkuðu leyti í smásölu.

17. Samkeppniseftirlitið hefur í ýmsum fyrri málum stofnunarinnar skilgreint þá markaði sem apótek starfa á. Hefur í þeim málum einkum verið litið til lyfjamarkaðarins enda er lyfsala og sala tengdra vara meginstarfsemi apóteka. Um skilgreiningu markaðarins má t.a.m. vitna til framangreindra úrlausna samkeppnisyfirvalda og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2019, *Samruni Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf.* Í því máli var m.a. fjallað um stöðu samrunaaðila á lyfjamarkaði, markaði fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, markaði fyrir heilsuvörur (vítamín, bætiefni o.fl.) og markaði fyrir heilbrigðis- og hjúkrunarvörur.
18. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sá markaður sem þetta mál varðar einkum markaðurinn fyrir smásölu bæði lyfseðilsskyldra lyfja og lausasölulyfja. Í ljósi þess að þrengri skilgreining þessa vörumarkaðar hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á að taka hana til frekari skoðunar.
19. Varðandi aðra tengda smásölumarkaði, s.s. fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, heilsuvörur og aðra heilbrigðis- og hjúkrunarvörur er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að skilgreina þá markaði með ítarlegum hætti í þessu máli, einkum í ljósi þess að hlutdeild Opnu í þessum vöruflokkum er lítil, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

2.2. Landfræðilegi markaðurinn

20. Í samrunaskrá segir þó að um sé að ræða láréttan samruna, að því leyti samrunaaðilar starfi á sama vöru- og þjónustu markaði, verði að skoða eðli samrunans í því ljósi að Lyfja starfi ekki á sama landfræðilega smásölumarkaði og Apótek MOS, sbr. til hliðsjónar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2018, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Opnu ehf.*, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2018, *Lyf og heilsa gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í þeim málum hafi Mosfellsbær verið skilgreindur sem sérstakur landfræðilegur markaður sem afmarkaður væri frá öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu.
21. Eins og fram hefur komið voru umsagnarbeiðnir sendar til 25 hagsmunaaðila. Í tveimur umsögnum er mótmælt þeirri afstöðu samrunaaðila og eftirlitsins í fyrri ákvörðun að Mosfellsbær geti talist sérstakur landfræðilegur markaður. Telja þessir aðilar að Mosfellsbær sé bæjarfélag sem er nátengt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og sækir mikill fjöldi íbúa Mosfellsbæjar vinnu annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. 23 hagsmunaaðilar tjáðu sig ekki um framangreint.
22. Líkt og samrunaaðilar benda á hefur Samkeppniseftirlitið tekið til sérstakrar skoðunar í fyrri málum með hvaða hætti rétt er að skilgreina landfræðilegan markað vegna lyfsölu. Þannig hefur eftirlitið í fyrri málum skilgreint höfuðborgarsvæðið sem sérstakan markað, sbr. t.d. ákvörðun 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Í áðurnefndri ákvörðun nr. 28/2018, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Opnu ehf.*, tók Samkeppniseftirlitið lyfsölu í Mosfellsbæ til ítarlegrar skoðunar. Var komist að þeirri niðurstöðu að einkenni lyfsölu í Mosfellsbæ væru með þeim hætti að um sérstakan landfræðilegan markað væri að ræða. Ástæður þess voru m.a. hátt tilfærsluhlutfall viðskiptavina á milli apóteka í Mosfellsbæ og opinberar tölur sem sýndu að stærstur hluti eða um [75-80]% viðskiptavina apótekanna á árinu 2016 voru íbúar í bænum.⁴

⁴ Upplýsingar úr rannsókn Samkeppniseftirlitsins og frá Lyfjastofnun.



23. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því sá landfræðilegi markaður sem þetta mál varðar einkum Mosfellsbær og upplýsingar sem liggja fyrir í málinu benda ekki til þess að staðan hafi breyst frá því ákvörðun eftirlitsins nr. 28/2018 var tekin.

3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

24. Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar um stöðu sína á mörkuðum málsins út frá þeim upplýsingum sem þeir hafa aðgang að. Varðandi markaðinn fyrir smásölu lyfja byggja samrunaaðilar eins og áður segir á því að landfræðilegur markaður sé Mosfellsbær.
25. Varðandi stöðu samrunaaðila í smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu vísa þeir til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 þar sem hlutdeild Lyfju var metin sem 20-25% árið 2016 og hlutdeild Apóteks MOS metin takmörkuð og talin með hlutdeild ýmissa annarra sjálfstæðra apóteka. Benda samrunaaðilar einnig á að apótekum og lyfjaútibúum fjölgaði um níu talsins frá 2016-2018, þar af sjö apótek ótengd Lyfju. Þá hafi nýir og öflugir aðilar komið inn á markaðinn, s.s. Costco.
26. Samrunaaðilar benda á að í ákvörðun 28/2017 hafi Lyfja og tengd fyrirtæki verið með 5-10% hlutdeild á landvísu á markaði fyrir „sér“ hreinlætis- og snyrtivörur árið 2015 en 10-15% í almennum hreinlætis- og snyrtivörum. Apótek MOS var, ásamt öðrum minni apótekum, samanlagt metin með markaðshlutdeild innan við 5% á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörumarkaði þetta sama ár á landsvísu og á markaði fyrir almennar hreinlætis- og snyrtivörur var hlutdeild Apóteks MOS ásamt öðrum minni apótekum samanlagt metin 5-10%.
27. Varðandi markaði fyrir smásölu heilsuvara og heilbrigðis- og hjúkrunarvara benda samrunaaðilar á að staða þeirra sé ekki með þeim hætti að samruninn komi til með að hafa veruleg áhrif. Í því samhengi benda samrunaaðilar m.a. á takmarkaða veltu Apóteks MOS í þessum vöruflokkum.
28. Varðandi þann markað sem Heilsa, dótturfélag Lyfju, starfar á (markaður fyrir heildsölu, innflutning og dreifingu á heilsuvörum) benda samrunaaðilar á umfjöllun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2017, *Kaup Artasan ehf. (Veritas Capital ehf.) á rekstri IceCare ehf.* Í því máli var það mat Samkeppniseftirlitsins að Heilsa væri með 20-25% hlutdeild á markaði fyrir innflutning og dreifingu á vítamínum, bætiefnum og steinefnum, 10-15% hlutdeild á markaði fyrir innflutning og dreifingu á lífrænni mat- og drykkjarvöru og 15-20% hlutdeild á markaði fyrir mat- og drykkjarvöru í flokki heilsuvara.
29. Síðustu ár hafa átt sér stað breytingar á markaði smásölu lyfja og til að meta hlutdeild aðila taldi Samkeppniseftirlitið þörf að óska eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um veltu apóteka í lausasölulyfjum, almennum lyfseðilsskyldum lyfjum og S-merktum lyfjum vegna árána 2018, 2019 og 2020. Byggja veltutölnar á heildsöluverðmæti allra lyfja sem afgreidd eru í gegnum lyfseðlakerfi apóteka. Bæði þau sem eru með greiðsluþátttöku og þau sem eru það ekki. Eftirlitið tekur þó fram að þessi framsetning felur ekki í sér þá afstöðu að Sjúkrahúsapótek LSH teljist hluti af samkeppnismarkaði málsins eða að það veiti samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald, enda hefur eftirlitið ekki talið nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til þess sbr. ákvörðun nr. 28/2018. Sambærileg sjónarmið eiga við um S-merkt lyf en fullt tillit er tekið til veltu þeirra.
30. Á markaði málsins, Mosfellsbæ, rekur Lyfja enga starfsemi. Apótek MOS hóf starfsemi sína í Mosfellsbæ í lok júlí 2016. Á árunum 2018-2020 var markaðshlutdeild Apóteks MOS á bilinu [50-60] til [60-70]% í almennum lyfjum, [45-55] til [55-65]% í lausasölulyfjum og [60-70] til [70-80]%



í S-merktum lyfjum.⁵ Þá er ljóst að Lyfja nýtur nokkuð sterkrar stöðu á aðliggjandi mörkuðum á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsvísu.

31. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa framangreindar upplýsingar skýra mynd af stöðu samrunaaðila á mörkuðum málsins. Hér á eftir er nánar fjallað um áhrif samrunans á samkeppni.

4. Áhrif samrunans

32. Í samrunaskrá er það mat samrunaaðila að landfræðilegur markaður sé Mosfellsbær. Á þeim markaði eru í dag starfandi tveir aðilar. Lyf og heilsa hf. rekur þar eitt apótek undir merkjum Apótekarans við Þverholt 2, auk þess sem Apótek MOS rekur þar eitt apótek. Lyfja rekur ekki lyfjaverslun á þessum markaði. Sú lyfjabúð sem Lyfja rekur og er næst Mosfellsbæ, er Lyfja á Þjóðhildarstíg 2 í Grafarholtinu. Önnur apótek í nærliggjandi pósthúsum, n.t.t. 110, 112 og 113, eru Apótekarinn Bíldshöfða, Lyfsalinn á Vesturlandsvegi, Urðarapótek í Grafarholti, Lyfja Spönginni og Rima Apótek, svo einhver dæmi séu nefnd. Að mati samrunaaðila fer því fjarri að Lyfja sé í ráðandi stöðu á viðkomandi svæði eða í nærliggjandi pósthúsum.
33. Að mati samrunaaðila hefur mikil virkni verið á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á síðustu ár og umtalsverðar breytingar, s.s. með innkomu nýrra aðila, breytingum á eignarhaldi og aukinni samþjöppun meðal smærri aðila á markaðnum. Markaðurinn sé því mjög kvikur („dýnamískur“), aðgangur að honum opinn og samkeppnislegt aðhald, bæði frá núverandi og mögulegum nýjum keppinautum, umtalsvert. Að mati samrunaaðila bendir framangreint til þess að markaðurinn sé virkur og samkeppnislegt aðhald töluvert. Þá séu litlar aðgangshindranir inn á markaðinn og lítið mál fyrir nýja aðila að hefja þar innreið án mikils tilkostnaðar. Einu mögulegu hindranirnar séu lagalegar hindranir hvað lyfsöluleyfið áhrærir
34. Í samrunaskrá telja samrunaaðilar að samkeppnislegu áhrifin, af samruna þeim sem um hér ræðir, eru í grundvallaratriðum frábrugðin þeim forsendum sem fram komu í ákvörðun nr. 28/2018, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Opnu ehf.* Í því máli var sérstaklega til þess vísað að „[s]amruninn myndi augsýnilega hafa mikil áhrif á hlutdeild Lyfja og heilsu á hinum skilgreinda markaði málsins en hún myndi hækka úr [50-55]% í 100% miðað við hlutdeild apótekanna á fyrri hluta ársins 2018“, og „myndi slíkt draga með alvarlegum hætti úr virkri samkeppni á þeim markaði enda hverfur þá hið samkeppnislega aðhald sem þessi apótek hafa veitt öðru“. Samrunaaðilar telja að í fyrirliggjandi tilviki hátti hins vegar svo til, öfugt við þá stöðu sem uppi var í Mosfellsbæjar-málinu, að (i) keppinautum á markaðnum fækkar ekki, heldur kemur til kastanna nýr keppinautur, gagnvart Lyfjum og heilsu, í stað þess sem fyrir er, og (ii) samruninn leiðir ekki til þess að Lyf og heilsa verði einráð á markaði.
35. Í þessu sambandi benda samrunaaðilar einnig á að Lyfja, meðal annars í ljós fjárhagslegs styrkleika, o.fl., ætti jafnframt að geta verið jafn burðugur, ef ekki burðugri keppinautur, heldur en Apótek MOS sem er jákvætt í samkeppnisréttarlegu tilliti, sbr. einnig fyrrgreindar forsendur í ákvörðun nr. 28/2018 þess efnis að „[í] kjölfar samrunans er það því mat Samkeppniseftirlitsins að hið sameinaða fyrirtæki mun hafa yfirburðastyrk á markaði málsins en þeir keppinautar Lyfja og heilsu sem hafa mestan fjárhagslegan styrk starfa ekki á markaði málsins“; svo verði ekki hér í kjölfar samrunans. Samrunaaðilar telja samkvæmt framangreindu að samruninn komi ekki til með að mynda eða styrkja markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga eða raski samkeppni umtalsvert að öðru leyti.

⁵ Upplýsingar frá Sjúkratryggingum Íslands.



36. Eins og fram hefur komið voru umsagnarbeiðnir sendar til 25 hagsmunaaðila og tveir af þeim tjáðu sig um samkeppnisleg áhrif samrunans. Í annarri umsögninni er byggt á því að sífelld kaup Lyfju hf. á fleiri apótekum (t.d. Árbæjar apótek og nú Apótek MOS) og opnun nýrra (t.d. Lyfja í Grafarholti) muni ekki auka samkeppni heldur þvert á móti. Í hinni umsögninni er byggt á því að búið sé að takmarka verulega möguleika til að gefa afslætti á lyfjum sem styrkir keðjurnar (Lyfju og Lyf og heilsu) gríðarlega í samkeppninni enda með mjög þétt net af vel staðsettum apótekum. Með minni afsláttum fái þessar sömu blokkir mun hærri framlegð auk þess að mikilvægir samkeppnisaðilar hafa verið veiklaðir verulega.
37. Líkt og samrunaaðilar benda á í samrunaskrá sinni þá eru aðstæður í þessu máli ólíkar þeim í ákvörðun 28/2018 þar sem Lyfja er ekki með neina starfsemi í Mosfellsbæ. Í dag eru starfrækt tvö apótek í Mosfellsbæ, Apótekarinn sem er í eigu Lyfja og heilsu og Apótek MOS. Eru því áhrif samrunans þar af leiðandi takmörkuð þar sem hlutdeild Apótek MOS mun færast til Lyfju og því staðan eftir samrunann óbreytt á markaðnum.
38. Hvað varðar lóðréttu samþættingu og möguleg samsteypuáhrif er það mat Samkeppniseftirlitsins að samrunaaðilar muni ekki verða í stöðu til þess að útiloka keppinauta sína vegna samrunans.

II. Niðurstaða

39. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
40. Hér að framan hefur verið fjallað um stöðu samrunaaðila á mörkuðum málsins, s.s. að samrunaaðilar starfa ekki á sama landfræðilega markaði, og samkeppnisleg áhrif samrunans. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða þá til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti
41. Rétt er þó að benda á að Lyfja og helsti keppinautur fyrirtækisins Lyf og heilsa njóta sterkrar stöðu á markaði fyrir smásölu lyfja. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðum sínum tekið sameiginlega markaðsráðandi stöðu Lyfju og Lyfja og heilsu til skoðunar. Í ákvörðun nr. 28/2006, *Samruni DAC ehf. og Lyfjavers ehf.* var sameiginlega markaðshlutdeild Lyfju og Lyfja og heilsu talin liggja á bilinu 75-85% í smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu.⁶ Hún hafi hins vegar verið talin liggja á bilinu 40-50% (að teknu tilliti til lyfjasviðs Landspítala) á árunum 2015-2016 í ákvörðun nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Á árunum 2018-2020 hefur sameiginleg markaðshlutdeild Lyfju og Lyfja og heilsu á höfuðborgarsvæðinu verið á bilinu [45-55]%. Sameiginleg hlutdeild Lyfju og Lyfja og heilsu hefur haldist nokkuð stöðug undanfarin ár en mun hækka lítillega í kjölfar þessa samruna.⁷

⁶ Ákvörðunin var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. og Lyf og heilsa ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 4/2010, *Misnotkun Lyfja og heilsu hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*. Þar byggði Samkeppniseftirlitið á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu Lyfju og Lyfja og heilsu á höfuðborgarsvæðinu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tók ekki afstöðu til þess í úrskurði sínum í máli nr. 5/2010, *Lyf og heilsa gegn Samkeppniseftirlitinu*.

⁷ Upplýsingar frá Sjúkratryggingum Íslands.



42. Þó áhrif þessa samruna breyti lítið stöðunni á landsvísu hefur þróunin á markaði smásölu lyfja sl. ár verið á þá leið að sjálfstæð apótek hafa verið að hverfa af markaði í kjölfar uppkaupa stærri aðila. Má í því samhengi nefna kaup Lyfju á Árbæjarapóteki og nú á Apótek MOS, fyrirhugaða sölu Haga á Reykjavíkurapóteki⁸ og fyrirhuguð kaup Lyfja og heilsu á Garðs Apóteki.⁹ Með sölu Haga á Reykjavíkurapóteki er hætt á því að burðugur keppinautur Lyfju og Lyfja og heilsu veikist ásamt því að með framantöldum kaupum hverfa smærri keppinautar af markaðnum. Af þeim sökum er að mati Samkeppniseftirlitsins tilefni að taka til ítarlegrar skoðunar frekari kaup umræddra fyrirtækja á keppinautum.
43. Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar vegna samruna Lyfju og Opnu.

III. Ákvörðunarorð:

„Kaup Lyfju hf. á rekstri Opnu ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

⁸ <https://www.vb.is/frettir/hagar-ad-selja-utilif-og-apotekid/164943/>

⁹ <https://www.vb.is/frettir/lyf-og-heilsa-kaupir-gards-apotek/165647/>